



Bjartsýn á að Fjarðarheiðar- göng séu í sjónmáli

segir Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri á Seyðisfirði

„Nú biðum við eftir jarðgangaáætlun frá samgönguráðherra en við gerum okkur vonir um að hægt verði að færa Fjarðarheiðargöng frammar í röðina og að hönnun þeirra geti hafist á næsta ári. Miðað við umræðu síðustu vikur og mánuði þá er ég bjartsýn á að sú verði raunin,“ segir Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri á Seyðisfirði. Mikilvægur áfangi í baráttu Seyðfirðinga fyrir Fjarðarheiðargöngum náðist síðsumars þegar verkefnahópur samgönguráðherra skilaði skýrslu þar sem lagt er til að Fjarðarheiðargöng verði fyrst í röð þriggja jarðganga í samgöngubótum við Seyðisfjörð og tengingum Austfjarða. Á síðari stigum verði síðan boruð göng milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar annars vegar og hins vegar frá Mjóafirði til Norðfjarðar.

Fjarðarheiðargöng yrðu lengstu jarðgöng íslenska vegakerfisins, alls um 13,5 kílómetrar að lengd og er kostnaður metinn á fjórða tug milljarða króna. Niðurstaða verkefnahópsins er í takti við sjónarmið Seyðfirðinga sem hafa allt frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að tenging við Fljótsdalshérað verði í forgangi.

Opnað í fyrsta lagi eftir níu ár

„Mér finnst vindar hafa verið að sveiflast með okkur í baráttunni fyrir Fjarðarheiðargöngum síðustu mánuði en samt sem áður er ekkert fast í hendi enn sem komið er. Gangi okkar væntingar eftir um að hönnun hefjist á næsta ári þá mun sá verkþáttur standa í um tvö ár.



■ Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri á Seyðisfirði.

Síðan kemur að framkvæmdatím-anum sjálfum sem yrði um sjö ár. Við erum því að tala um að Fjarðarheiðargöng verði í fyrsta lagi tilbúin eftir níu ár héðan í frá þannig að þetta er mjög stórt og tímafrekt verkefni,“ segir Aðalheiður en á undanförunum árum hafa jarðfræðirannsóknir verið gerðar á Fjarðarheiði. Ljóst er því nokkurn veginn hvar göngin koma til með að liggja og hversu löng þau verða en vegna lengdar ganganna verða öryggimál mjög viðamikill þáttur í hönnun og framkvæmd.

Skapa möguleika á hitaveitu
Vegurinn yfir Fjarðarheiði liggur í um 620 metra hæð yfir sjávarmáli. Hann er því hæsti fjallvegur í byggð hér á landi og sá vegur þar sem samgöngutruflanir verða hvað fyrst á haustin.

„Þó greiðfært sé á öllum öðrum vegum í samgöngukerfinu þá má búast við vandræðum á Fjarðar-



■ Horft til Seyðisfjarðar af Fjarðarheiði. Vegurinn yfir heiðina er sá hæsti sem tengir byggðarlög hér á landi og fer í 620 metra hæð. Fjarðarheiðargöng yrðu bylting fyrir Seyðfirðinga.

Mynd: Ómar Bogason.

heiði. Enda er ég búin að setja nagladekkin nú þegar undir minn bíl. Það dugur ekkert annað þegar oft þarf að fara yfir heiðina,“ segir Aðalheiður.

Í ályktunum samtaka sveitarfélaga á Austurlandi mörg undanfarin ár hefur stuðningi verið lýst við gerð Fjarðarheiðarganga og því segir Aðalheiður að góð samstaða hafi verið um verkefnið í fjórð-

ungnum. Um næstu helgi verður kosið um sameiningu Fljótsdals-heraðs, Seyðisfjarðar, Djúpavogs og Borgarfjarðar eystri og gefur auga leið að Fjarðarheiðargöng verða mikilvægur hlekkur í samgöngum innan sveitarfélagsins, gangi sameining eftir.

„Fjarðarheiðargöng eru okkur mikilvæg á svo margan hátt; fyrir Seyðfirðinga, Austurland sem heild

og aukna umferð ferðamanna. En þessi framkvæmd opnar líka möguleika á að lögð verði hitaveitulögn frá Fljótsdalshéraði til Seyðisfjarðar þannig að það yrði mikil bylting fyrir okkur Seyðfirðinga,“ segir Aðalheiður.

fjarðarheidargong.i